GILDI
lífeyrissjóður

Starfsemi á árinu 2008

(Allar fjárhæðir í milljónum króna)

Efnahagsreikningur:	31.12.2008	31.12.2007
Verðbréf með breytilegum tekjum	70.713	115.236
Verðbréf með föstum tekjum	106.194	102.018
Veðlán	13.444	10.599
Bankainnstæður	21.809	9.026
Kröfur	1.706	1.940
Fasteign, rekstrarfjármunir og aðrar eignir	226	242
Skuldir	- 5.150	- 829
Hrein eign til greiðslu lífeyris	208.942	**238.232**

Breytingar á hreinni eign:	2008	2007
Iðgjöld	11.354	10.134
Lífeyrir	- 6.057	- 5.443
Fjárfestingartekjur	- 34.231	18.401
Fjárfestingargjöld	- 138	- 125
Rekstrarkostnaður	- 265	- 242
Aðrar tekjur	47	96
Hækkun á hreinni eign á árinu	- 29.290	22.821
Hrein eign frá fyrra ári	238.232	215.411
Hrein eign til greiðslu lífeyris	208.942	**238.232**

Kennitölur:	2008	2007
Nafnávöxtun	-14,8%	8,4%
Raunávöxtun	-26,6%	2,4%
Hrein raunávöxtun	-26,7%	2,4%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	2,1%	11,6%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	3,3%	7,4%
Eignir í ísl. kr.(%)	63,4%	87,0%
Eignir í erl. gjaldmiðlum (%)	36,6%	13,0%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	26.441	25.101
Fjöldi launagreiðanda	4.327	4.237
Fjöldi lífeyrisþega	12.850	12.942

Afkoma

Ávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var neikvæð um 14,8%. Miklir erfiðleikar á fjármálamörkuðum, bæði innanlands og utan, og þá sérstaklega fall íslensku viðskiptabankanna höfðu mikil áhrif á afkomu sjóðsins. Þá hafa önnur innlend fyrirtæki lent í verulegum greiðsluerfiðleikum. Vegna þessa hefur sjóðurinn fært niður skuldabréf í eignasafni sínu. Þá voru erlendir hlutabréfamarkaðir einnig óhagstæðir á árinu 2008 og lækkaði heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) um 40,7%.

Þróun á erlendum verðbréfamörkuðum það sem af er árinu 2009 hefur einnig verið sjóðnum óhagstæð. Verðbréf hafa haldið áfram að lækka í verði á sama tíma og gengi erlendra gjaldmiðla hefur lækkað gagnvart íslensku krónunni.

Séreign

Hrein eign séreignardeildar var í árslok 2008 2.488 milljónir króna og hafði vaxið um 248 milljónir króna frá fyrra ári eða um 11%. Nafnávöxtun séreignardeildar var þannig:

Framtíðarsýn I: 0,7% (raunávöxtun -13,5%) og Framtíðarsýn II: 2,9% (raunávöxtun -11,6%). Framtíðarsýn III er verðtryggður innlánsreikningur sem bar að meðaltali 7,2% raunvexti á árinu 2008.

Tryggingafræðileg staða:

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt sem miðast við árslok 2008 var staða sjóðsins neikvæð um 13%. Samkvæmt samþykktum sjóðsins mega eignir ekki vera meira en 10% lægri en skuldbindingar og því hefur stjórn Gildis í samráði við tryggingafræðing sjóðsins ákveðið að leggja fyrir ársfund tillögu um lækkun áunninna réttinda sjóðfélaga og lífeyrisþega um 10% frá 1. maí 2009.

Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar m.v. vísitölu neysluverðs. Frá stofnun Gildis 1. júní 2005 hafa lífeyrisréttindi sjóðfélaga verið hækkuð um 17,7% umfram hækkun vísitölunnar.

Ársfundur 2009

Ársfundur sjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 21. apríl nk. kl. 17.00 á Grand Hótel, Reykjavík. Dagskrá fundarins verður auglýst síðar.

Stjórn sjóðsins.

Sigurður Bessason formaður
Árni Bjarnason
Heiðrún Jónsdóttir
Sigurrós Kristinsdóttir
Vilhjálmur Egilsson varaformaður
Friðrik J. Arngrímsson
Konráð Alfreðsson
Sveinn Hannesson

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson

GILDI
Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

TUNGLIÐ auglýsingastofa